

Fjörufarð með landverði



Í sumar hafa landverðir Snæfellsjökulsþjóðgarðs haldið vikulegar barnastundir á fimmtudögum í Þjóðgarðsmiðstöðinni. Umfangsefni stundanna voru mjög fjölbreytt og fræðandi en landverðirnir gáfu börnunum einnig færi á að hlaupa og fara í leiki. Börnin fengu meðal annars að fylgjast með tilraunum, skoða lífverur og jurtir, sjá brúðuleikhús og fara í vettvangsferð í náttúr-

unni. Miðvikudaginn 21. ágúst var starfsdagur á leikskólum Snæfellsbæjar en þá gripu landverðir tækifærið og buðu börnum með sér í fjörufarð. Hópur af krökkum mættu ásamt foreldrum sínum og gengu frá Þjóðgarðsmiðstöðinni út í Krossavík þar sem þau gægdust í fjörupolla og fræddust um lífið í fjörinni. Var þetta mikil upplifun og mjög fróðleg ferð fyrir börn og fulloröna.

JJ

**STYRKTARDAGUR FYRIR
PIOTR SOBOLEWSK**

LAUGARDAGINN 31. ÁGÚST

STYRKARREIKNINGUR:
NATALIA WASIEWICZ / PIOTR
WASIEWICZ
KENNITALA 110302-2660
REIKNINGS NR ER 0123-15-021708

DAGSKRÁ!

Kl.09:00-10:00 Barre Burn (11 manns)
Kl.10:15-11:15 PartnerWood (30 manns)
Kl.11:30-13:00 Barre Burn
+ Bandvefslösun (11 manns)

- Opin stöð frá 06:00 - 23:00 fyrir þá sem vilja mæta og taka æfingu. Fritt í stöðina og tíma 31.08
- Kl.06:00 Munu þjálfarar hjóla 42,2 km til styrktar Piotr og eru allir velkomnir að hjóla eða róa með þeim sömu vegalengd eða styttri.

unbroken mun styrkja og gefa öllum drykk sem að mæta og taka æfingu!

FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is

Vígsla á Gleði-Framtíð



Kvenfélag Ólafsvíkur vígði lista-verkið Gleði-Framtíð eftir Sigurð Guðmundsson listamann þann 22. ágúst 2024. Í verkinu eru orðin gleði og framtíð meitluð í stein í litríkum stöfum. Litríku orðin og guli liturinn á undirstöðunni eru tákn fyrir gleðina. Hugmyndin er að börn megi leika sér í verkinu og því var víðeigandi að framtíð Snæfellsbæjar tæki þátt í vígsluathöfninni en tveir elstu árgangarnir á Krflakoti sungu tvö lög við vígsluna. Elfa Eydal Ármannsdóttir var kynnrir og talaði fyrir hönd Kvenfélagskvenna og Sigurður Guðmundsson sagði nokkur orð. Annað verk eftir hann er hér í Ólafsvík en það er verkið Minning um horfna sem stendur við kirkjugarðinn. Segja má að þessi tvö verk, Gleði-Framtíð og Minning um horfna, kallist á og séu táknræn fyrir upphaf og endi lífsins. Snæfellsbæingar mega vera mjög stolt af því að hafa þessi tvö verk í bæjarfélaginu og munu gestir og gangandi njóta þess um ókomna framtíð.

Þegar Kvenfélag Ólafsvíkur varð 70 ára árið 2020, kom upp sú hugmynd að minnast þess á veglegan hátt. Þegar saga félagsins var skoðuð bar hæst að félags-

konur höfðu á sínum tíma stofnað gæsluvöll fyrir börn. Þær létu ekki þar við sitja heldur stofnuðu Leikskóla Ólafsvíkur tveimur árum seinna og ráku hann í tvö ár en þá tók Ólafsvíkurhreppur við rekstrinum. Leikskólinn var stofnaður 7. febrúar 1972. Það var mikill velvilji fyrir þessu framtaki félagskvenna og styrkti hreppurinn verkefnið. Eiginmenn þeirra aðstoðuðu meðal annars með því að sjá um að laga lóðina og setja upp girðingu svo börnin kæmst ekki í lækinn. Þetta var á þeim árum þegar konur voru bundnar heima yfir börnunum og gátu ekki leitað út á vinnumarkaðinn. Því tóku þær málin í sínar hendur og stofnuðu leikskóla sem í fyrstu var rekinn á jarðhæð gamla félagsheimilisins við Gilið. Hugmyndin var að auðvelda konum að komast út á vinnumarkaðinn því oft vantaði fólk í vinnu, sérstaklega á vertíðum, og það var líka ákveðið jafnréttismál að konur hefðu val. Reyndar kom hugmyndin um stofnun leikskóla fram á aðalfundi félagsins 28. febrúar 1969 og var þar samþykkt að vinna að fjáröflun og framkvæmd þessa máls. Þannig að það eru einungis þrjú ár frá því að hugmyndin

kemur fram þangað til leikskólinn er stofnaður. Fengin var lærð fóstora, Guðrún Guðbrandsdóttir, sem tók að sér að sjá um innkaup á leikföngum og föndurvörum og móta starfsemi leikskólans ásamt Grétu Jóhannesdóttur, sem var ráðin fyrsta forstöðukonan. Þegar konur taka sig saman og sameinast um einhverja hugmynd þá verður til mjög sterkt afl. Það sést best á þessu framtaki félaga í Kvenfélagi Ólafsvíkur og er þetta listaverk minnisvarði um samtakamát og framsýni þeirra. Í gömlum fundargerðum má sjá að margt var gert til að afla fjár, til dæmis voru haldnir dansleikir, hlutaveltur, kaffisölur, jóla- og kökubasarar, sala á salernispappír og jólakortum, grillveislur og fleira. Einu sinni voru þær svo stórhuga að farið var í sjóferð á Hugborginni á handfæri. Var það ævintýraferð fyrir konur þótt lítið aflaðist.

Kvenfélag Ólafsvíkur hefur fengið styrki frá Snæfellsbæ,

Uppbyggingarsjóði Vesturlands, Kristínu Vigfúsdóttur og Birni Erlingi Jónassyni, Jenný Guðmundsdóttur og Jónasi Gunnarssyni, Steiney K Ólafsdóttur og Baldvin Leifi Ívarssyni, Kviku banka, Ármanni Þorvaldssyni, Auði Böðvarsdóttur, Sigurjóni Bjarnasyni og Svani Tómassyni. Viljum þær þakka þessum aðilum fyrir stuðninginn, þetta hefði ekki tekist nema með fjárframlögum þessara aðila. Einnig vilja þær þakka þeim sem komu að uppsetningu listaverksins og unnu verk sín af mikilli kostgæfni, voru mjög liðlegir og alltaf tilbúnir að koma þegar þess þurfti, það eru þeir hjá TS vélaleigu, Svanur Tómasson og félagar, sem sáu um jarðvinnu og að hífa steinsúlurnar á sinn stað, Jón Tryggvason trésmíðameistari og hans menn, Eiríkur Gautsson múraramestari og Sigurjón Bjarnason rafvirkjameistari.

SJ

Reynir endaði sumarið á sigri



Reynismenn kláruðu Íslandsmót KSÍ með sigurleik gegn Afríku síðastliðinn laugardag. Leikurinn fór fram á Ólafsvíkurvelli og endaði 4-1 Reynismönnum í vil. Benedikt Osterhammer Gunnarsson átti fyrsta mark leiksins á 22. mínútu og Úlfar Ingi Þrastarson bætti öðru marki við á 35. mínútu. Afríka skoraði á 43. mínútu svo staðan var 2-1 í hálfleik. Bárður Jóhannuson átti svo mark fyrir Reynismenn á 66. mínútu og Árni Þór Björns-

son jók muninn svo í 4-1 á 84. mínútu. Sumarið hefur reynst Reynismönnum erfitt en af 16 leikjum á mótinu sigraði liðið tvo, átti þrjú jafntefli og 11 tapleiki. Það var því mikill fögnuður á meðal leikmanna og stuðningsmanna að ná að loka sumrinu með góðum leik og þremur stigum. Liðið endar, þrátt fyrir sigurleikinn, sumarið í næst neðsta sæti B riðils 5. deildar eða í 8. sæti.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

KJÖRBÚÐIN

VERSLUN Í HEIMABYGGÐ

Fleiri grænir punktar

Við viljum þakka
viðskiptavinum fyrir góðar
viðtökur á grænu punktunum
og höfum nú fjölgað vörum á
lágvöruverði í yfir 2.000.

Takk fyrir viðskiptin!

Finndu grænu punktana!

Styrktardagur fyrir Piotr

Í sumar greindist Piotr Sobolewski með hvítblæði, aðeins 2 ára gamall. Það er mikið lagt á lítinn dreng og fjölskyldu hans og stórt verkefni er framundan. Piotr býr á Hellissandi ásamt foreldrum sínum, Natalia Wasiewicz og Szymon Sobolewski. Greiningu á sjúkdómum sem þessum fylgir ekki bara andlegt álag og áhyggjur heldur er gríðarlegur kostnaður sem fylgir með. Meðferðir, lyfjakostnaður, búferlaf lutningar og fleira er fljótt að telja og nú hefur samfélagið tekið höndum saman til að leggja sitt af mörkum. Það var Kristfríður Rós Stefánsdóttir,



eigandi CF SNB, sem tók af skarið og hefur CF SNB efnt til styrktardags í stöðinni sem er tileinkaðir

Piotr og fjölskyldunni hans. Segir Kristfríður það hafa sýnt sig og sannað að meðlimir stöðvarinnar séu eitt samfélag og nær það samfélag einnig út um allan Snæfellsbæ. Það sé samfélagsskylda allra að styðja við bakið á einstaklingum í slíkum erfiðleikum og það síðasta sem maður á að þurfa að hafa áhyggjur af í aðstæðum sem þessum eru fjármálin. Styrktardagurinn í stöðinni verður 31. ágúst þar sem hópur fólks ætlar að byrja daginn eldsnemma

og hjóla 42,2 km fyrir Piotr, að því loknu verður boðið upp á tvo tíma af Barre og æfingu dagsins í sal auk þess sem meðlimum er frjálst að mæta í opinn sal. Þá er öllum velkomið að leggja inn á styrktarreikning fjölskyldunnar, hvort sem tekið er til hendinni þennan dag eða ekki. Margt smátt gerir eitt stórt.

Reikningsnúmer
0123-15-021708
Kennitala 110302-2660

SJ

Pakskipti á Von



Yfir liðna helgi hafa meðlimir Björgunarsveitarinnar Lífsbjargar og aðrir velunnarar sveitarinnar unnið hörðum höndum við endurbætur á Björgunarstöðinni Von á Rífi. Sjálfboðaliðarnir skiptu um þak á húsnæðinu þar sem gamla þakið var komið á tíma og farið að leka. 600 fermetra björgunarstöðin varð vígð þann 3. nóvember 2012 eftir mikinn samtakamátt

meðlima Lífsbjargar, slysavarnardeildanna Helgu Bárðar og Sumargjafar og annarra íbúa, féлага og fyrirtækja í sveitarfélaginu. Vinna við þakskiptin hófst á laugardaginn 25. ágúst en allir sem komu að verkinu voru sjálfboðaliðar. Slysavarnarkonur sáu til þess að öll væru vel nærð og buðu upp á súpu og meðlæti í nöpru haustveðrinu.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

LIND FASTEIGNASALA



ÖLKELDUVEGUR 35, GRUNDFARF.

Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr
75	3	2	2024	Nei

29.000.000 kr.



HELLUHÓLL 14c, HELLISSANDI

Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr
122	4	3	2022	Já

57.500.000 kr.



FOSSABREKKA 15, ÓLAFSVÍK

Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr
209	5	4	2023	Já

79.900.000 kr.



HELLISBRAUT 19, HELLISSANDI

Ferm.	Herb.	Svefnh.	Byggjár.	Bílskúr
131	4	2	1948	Já

34.500.000 kr.



VIÐVÍK, HELLISSANDI

Teg. húsnæðis	Ferm.	Byggjár.
Fullbúið vandað veitingahús.	167	2016

TILBOÐ

Komdu með eignina í sölu til mín og fáðu
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum



BOGI MOLBY
PÉTURSSON
Löggitur Fasteignasali
S: 699 3444
molby@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 | Sími 510 7900
fastlind.is | nyjarlindur.is

Paxxo longopax multi 3



Bin Multi 1, flokkunarskápur með 3 hólfum. Hæð 1000 mm, Breidd 820 mm Dýpt 440 mm, Op: 3x100x220 mm. Margar gerðir merkinga fánlegar sem gera flokkunina auðveldar. Til í gráu og hvítu.

Albula endurvinnslufötur



Smekklegar og hentugar flokkunarfötur fyrir heimili með flipaloki á hlið sem auðveldar að setja hluti í þær þó þeim sé staflað upp.

6L, 25L & 40L

Flokkunarfata selecto 80-100L



Hægt er að fá lok með opi fyrir pappír, flöskur/dósir og heil lok með handfangi. Hægt að raða mörgum saman.

Flokkunarfata trio



Flokkunarfata með þremur hólfum (1x10L og 2x15L) og loki sem opnast með ástigi.

Sorppokar Voot



75 x 120 cm
Glærir & svartir.

Paxxo plastslöngur

Snjöll lausn fyrir sorpið



Paxxo standur classic maxi

Longopac Stand Classic Maxi standur. Einfalt í notkun og dregur úr sóun á pokum og óhreinindum.



Safnað í Reykjavíkumaraþoni



Pétur Steinar, fjölskylda og vinir hlupu fyrir Kraft.

Reykjavíkumaraþonið fór fram á Menningarnótt, 24. ágúst síðastliðinn, en hlaupið var haldið í 40. skiptið í ár. Skráðir þátttakendur í ár voru 14.646 og gerði fjöldi fólks frá Snæfellsnesi sér ferð suður til að hlaupa í björtu og fallegu veðri. Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka er vinsæll hlaupa

viðburður til að safna pening fyrir góðgerðarfélög en allir þátttakendur í hlaupinu geta tekið þátt í áheitasöfnun fyrir félögin. Ár eftir ár er slegið söfnunarmet í hlaupinu og í þetta sinn var safnað yfir 250.000.000 krónum. Flest góðgerðarfélög eru eingöngu rekin á styrkjum og frjálsum framlög-



Jóhanna, Sigurbjörg og Sigríður Elma hlupu fyrir Krabbameinsfélag Snæfellsnes til minningar um ömmu sína.

um frá velunnurum og styrkirnir sem koma frá þessum viðburði gríðarlega mikilvægur fyrir starfsemi félaganna.

Líkt og kom fram í 1122. tölublaði Jökuls hljóp Pétur Steinar Jóhannsson ásamt fjölskyldu og vinum til styrktar Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Hlupu þau sjö saman og söfnuðu samtals

790.000 krónum fyrir félagið.

Krabbameinsfélag Snæfellsness fékk einnig veglega upphæð en fimm hlauparar hlupu fyrir félagið og söfnuðu yfir 580.000 krónum. Fleiri aðilar frá Snæfellsnesi hlupu meðal annars fyrir Kraft, Mæðrastyrksnefnd, Lauf - félag flogaveikra, Einstök börn og fleiri félög sem munu njóta góðs af.

SJ



Við bjóðum upp á alhliða bílaviðgerðir, dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Víkingur sigraði fyrir austan

Víkingar lögðu land undir fót síðastliðna helgi og heimsótti Hött/Huginn á Vilhjálmsvöll á Egilsstöðum. Víkingur sigraði leikinn með 3 mörkum á móti 1 í æsispennandi leik í toppbaráttunni. Björn Axel Guðjónsson skoraði tvennu í fyrri hálfleik leiksins en einni mínútu eftir seinna mark hans minnkaði Höttur/Huginn muninn í 2-1. Gary John Martin innsiglaði svo sigur Víkinga á 73. mínútu og endaði leikurinn í 3-1 fyrir Vík-

ingi. Eftir 19 umferðir er Víkingur með 35 stig og áttu þeir aftur 2. sætið í deildinni í stutta stund. Eftir sigurleiki Völsungar og Þróttar V seinna sama dag situr Víkingur í 4. sæti deildarinnar, þó með jafn mörg stig og Þróttur V sem situr í 3. sæti með hagstæðari markatölu. Þrír leikir eru eftir af mótinu þetta sumaríð en næsti leikur liðsins verður spilaður við KFG á Ólafsvíkuvelli 31. ágúst.

SJ



Afleysingar í þríf og eldhúsi

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar óskar eftir starfsmanni í tímabundna afleysingu í almenn þríf og aðstoð í eldhúsi.

Menntun, reynsla og hæfni:

- Góð kunnátta í íslensku er skilyrði.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Um er að ræða 41% dag- og helgarvinnu aðra hverja viku. Óskað er eftir að viðkomandi byrji sem fyrst.

Sótt er um starfið á ráðningarvef Snæfellsbæjar.

Upplýsingar veitir Sigrún Erla Sveinsdóttir, forstöðumaður, í síma 865-1525 og á netfanginu sigrunerla@snb.is

Umsóknarfrestur til 8. september 2024



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is

Framkvæmdir í Snæfellsbæ



Sumarið er oftar en ekki nýtt í framkvæmdir og er það einmitt raunin í Snæfellsbæ. Unnið hefur verið að viðhaldi á húsnæðum Snæfellsbæjar en skipt var um þak á íþróttahúsinu í Ólafsvík og félagsheimilinu Klifi. Grunnskóli

Snæfellsbæjar hefur einnig verið vel sinnt að undarförnu og viðhaldi sinnt á öllum þremur starfsstöðvum. Ný 200 fermetra viðbygging á Lýsu var tekin í notkun í skólabyrjun nú í haust þar sem fjórar rúmgóðar kennslustof-

ur bætast við starfsstöðina. Með þessari viðbót gjörbreytist aðstaða leikskólans og list- og verkgreinakennslu til hins betra en einnig mun miðstigið fá stofu þar. Húsnæði starfsstöðvarinnar í Ólafsvík var málað að hluta og starfsstöðin á Hellissandi var nýlega tekin í gegn með málningu, nýjum gluggum og nýjum dúk á þakið. Þá var skólinn einnig ramp-

aður upp og endurnýjað anddyrið á Hellissandi. Unnið er við framkvæmdir og uppbyggingu í fleiru en húsnæðum Snæfellsbæjar því áframhaldandi vinna við að leggja ljósleiðara í götur sveitarfélagsins stendur yfir. Í ár leggur Míla ljósleiðara í Engihlíð, Ennishlíð, Ennisbraut og innst á Ólafsbraut. SJ




Gosmóða lagðist yfir Snæfellsnes



Á mánudagskvöld lagði tungu af gosmóðu og reykt frá gróðureldum vegna eldgossins við Sundhnúksgíga yfir Faxaflóa og inn í Breiðafjörð, þegar Snæfellingar vöknúðu á þriðjudagsmorgun var þungt yfir Snæfellsnesi og mikið mistur í lofti. Voru þetta afleiðingar af eldgosinu sem stendur nú yfir á Suðurnes-

um. Íbúar á Snæfellsnesi verða ekki mikið varir við áhrif af eldgosunum í eldgosahrinunni sem stendur nú yfir en þegar vindátt er óhagstæð kemur það fyrir. Þegar leið á þriðjudag var mesta mistrið farið og loftgæði orðin eins og þau eiga helst að vera. JJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtillit- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Bifreiðaverkstæði Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Happdrætti til styrktar bátakaupum

Happdrætti
TIL STYRKAR NÝS BJÖRGUNARSKIPS

Yfir 90 gleslegir vinningar í boði.
Heildarverðmæti vinninga: 1.667.000, aðeins dregið úr seðlum miðum!
Dregið verður út Miðdaginn 13. september.
Yfirlit yfir alla vinninga og vinningeigendur má finna á Íbókunni Nýs Björgunarskipis.
L. Styrkjingur Sveinbjörnsson

Miðaverð: 2000kr
Takk fyrir stuðninginn!

Söfnun fyrir nýjum bát Björgunarbátasjóðs Snæfellsness er í fullum gangi en eins og komið hefur fram á enn eftir að fjármagna um 80 milljónir af heildarupphæðinni sem eru 324 milljónir. Skipið er væntanlegt til þeirra núna í haust. Söfnun hefur gengið vel hingað til en betur má ef duga skal. Björgunarsveitin Lífsbjörg er búin að hrinda af stað söfnun í formi happdrættis. Fyrirtæki hafa styrkt sveitina rausnarlega um rúmlega 90 vinninga sem þátttakendum gefst nú færi á að vinna. Heildarverðmæti vinninga er yfir 1.600.000 krónur Klakkur í Grundarfirði og Berserkir í Stykkishólmi munu standa þétt við þakið á Lífsbjörgu í þessu verkefni og

kom þau til með að ganga í hús og bjóða miða til sölu í sínum bæjarfélögum. Félagar björgunarsveitanna munu byrja að ganga í hús þann 30. ágúst næstkomandi og verða þeir á ferðinni fram til 6. september. Þegar sveitirnar hafa lokið við að ganga í hús verður hægt að versla miða rafrænt. Miðinn kostar 2000 krónur og verða sölumenn með posa með ferðis. Björgunarsveitin Lífsbjörg vill koma á framfæri þökkum til þeirra fyrirtækja sem styrktu happdrættið á einn eða annan hátt og íbúa sem hafa til þessa tekið vel í hugmyndina. JJ



Deildarstjóri Þjónustuíbúðakjarna FSS í Ólafsvík

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga auglýsir laust til umsóknar 50% stöðugildi deildarstjóra í þjónustuíbúðakjarnanum. Meginverkefni er stjórnun og ábyrgð stuðnings- og hæfingar íbúanna til sjálfstæðrar búsetu.



Hæfniskröfur

- Leitað er einstaklinga sem lokið hafa faglegu námi er nýttist í auglýstu starfi
- Stundvísi, samvinnu- og samskiptahæfileikar og áhugi fyrir starfi með fólki með skerta starfsgetu eru mikilvægir eiginleikar í starfinu
- Reynsla og þekking af starfi með fötluðum er kostur
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni og sveigjanleiki í starfi.
- Viðkomandi þurfi að vera 20 ára eða eldri.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags

Skriflegar umsóknir um starfið er tilgreini menntun, starfsferil og umsagnaraðila ásamt prófskírteini og sakavottorði berist undirrituðum sem jafnframt veitir frekari upplýsingar.

Þjónustukjarninn er reyklusinn vinnustaður!

Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS
Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær; sveinn@fssf.is s. 430 7800

Umsóknareyðublað má nálgast á heimasíðu FSS, www.fssf.is

Umsóknarfrestur er til 31. ágúst 2024